

# GREEN KEY

Umhverfismerki fyrir  
ferðapjónustufyrirtæki



**Green Key**

SAMNINGUR  
FYRIR HÓTEL

## 2. Samningur um eftirlits- og vottunarþjónustu

**Vegna fyrstu umsóknar eða síðari endur-umsókna skal þessi samningur undirritaður til að umsóknin teljist gild.**

Vottunarstofan Tún ehf., kt. 511094-2249,  
Parabakka 3, IS-109 Reykjavík (hér eftir nefndur: 'Tún'),  
og

Heiti umsækjanda	<b>Hótel X</b>	
Kennitala	<b>000000-0000</b>	
Heimilisfang	<b>Gata, Nr</b>	<b>IS-PNR Sveitarfélag</b>
Nafn undirritaðs	<b>Fullt nafn</b>	
Staða undirritaðs	<b>Hótelstjóri</b>	
Netfang og símanúmer	<b>Netfang</b>	<b>Símanúmer</b>

(hér eftir einnig nefndur: 'umsækjandi'),

einnig nefndir 'samningsaðili' hvor um sig og 'samningsaðilar' í sameiningu, gera með sér eftirfarandi samning:

### Með því að:

- 1) FEE er eigandi Green Key og vottunarkerja þess, og veitir heimild til að annast notkun þeirra fyrir vottaða starfsemi;
- 2) Tún er faggild vottunarstofa sem hefur heimild FEE til að annast úttektir, vottun og eftirlit samkvæmt viðmiðum Green Key, í samræmi við leiðbeiningar FEE, kröfur staðals ISO 17065 og leiðbeiningar staðals ISO 19011;
- 3) umsækjandi sendir inn réttar upplýsingar og gjöld og kostnaður eru greidd skv. samningi þessum.
- 4) umsækjandi staðfestir að hann hafi aðgang að, lesið og skilji gæðaviðmið og skýringar Green Key.
- 5) umsækjandi staðfestir að hann hafi aðgang að, lesið og skilji umsóknarferli Green Key:

### hafa samningsaðilar samþykkt eftirfarandi:

#### 1. SKILGREININGAR

- 1.1 Í þessum samningi, nema um notkun í öðru samhengi sé að ræða, hafa þau orð og hugtök sem eru í fyrsta dálki hér að neðan þá þýðingu sem skilgreind er í öðrum dálki að neðan:

<b>Úttekt</b>	Sannprófun á samræmi skilgreindrar starfsemi við viðmið Green Key, ýmist með skjalaskoðun eða vettvangsheimsókn.
<b>Viðmið Green Key</b>	Kröfur sem gerðar eru um gæða- og umhverfisstjórnun fyrirtækja, sem hafa hlotið vottun Green Key.
<b>Vottorð</b>	Skjal sem Tún gefur út og staðfestir vottun, skilgreinir vottunarhafa og tilgreinir umfang vottaðrar starfsemi.
<b>Vottun</b>	Staðfesting þess að umsækjandi uppfylli kröfur tilgreindar í viðmiðum Green Key í tilgreindum þjónustugreinum.
<b>Vottunarkerki</b>	Vottunarkerki Green Key sem FEE gefur út og veitir heimild til að nota, að fenginni staðfestingu um vottun.

#### 2. SAMNINGSGRUNNUR

- 2.1 Umsækjandi hefur kynnt sér viðmið Green Key á þeim sviðum sem umsókn nær til og samþykkir uppfylla ákvæði þeirra á hverjum tíma, með þeim breytingum sem eigandi Green Key kann að ákveða.
- 2.2 Umsækjandi viðurkennir rétt FEE til að breyta viðmiðum Green Key og að vottun kann að vera háð því að umsækjandi hafi uppfyllt breytt ákvæði hafi þau verið sett. Umsækjandi viðurkennir að hvorki Tún né FEE bera ábyrgð á kostnaði, stöðvun eða sviptingu vottunar einstakra eða allra hótela sem þær breytingar kunna að hafa í för með sér fyrir umsækjanda.

- 2.3 Umsækjandi samþykkir að notkun vottunarkerkja er háð fyrirfram veittu skriflegu samþykki Túns og að notkun vottunarkerkja Green Key er háð heimild FEE.
- 2.4 Umsækjandi tilkynnir Túni þegar í stað um hvers konar brot á ákvæðum um notkun vottunarkerkja Túns og/eða Green Key og tilvísunar til vottunar Túns, og veitir Túni upplýsingar og aðstoð eftir því sem Tún telur tilefni til.
- 2.5 Umsækjandi gætir þess að nota vottun hótela á sínum vegum hvorki með þeim hætti að skaði orðspor Túns eða FEE né hafa uppi staðhæfingar um vottun sína sem Tún kann að álíta villandi eða óheimilar.
- 2.6 Ef vottun umsækjanda er stöðvuð eða henni rift, skal umsækjandi hætta notkun vottunarkerkja Túns og/eða Green Key og kynningarefnis viðkomandi umsækjanda sem inniheldur tilvísun til vottunar, og skal grípa til annarra þeirra ráðstafana sem samningur þessi og viðmið Green Key krefjast.

### 3. UMSÓKNIR OG SAMNINGAR

- 3.1 Þessi samningur skal undirritaður rafrænt af forsvarsaðila umsækjanda og fulltrúa Túns þegar umsóknareyðublað/sjálfsmat fyrir Green Key hótél og gistiheimili með fleiri en 15 herbergi hefur verið sent inn. Umsóknareyðublaðið skal nálgast hjá Túni.
- 3.2 Umsækjandi skal upplýsa Tún um breytingar sem kunna að hafa áhrif á umfang starfseminnar sem lýst er í umsókn og/eða vottorði og kunna að hafa áhrif á samræmi hennar við viðmið Green Key. Skal það gert innan 10 daga frá því breytingarnar áttu sér stað.
- 3.3 Umsækjandi skal upplýsa Tún um breytingar á tengilið innan 30 daga frá þeirri breytingu.

### 4. ÚTTEKTIR, EFTIRLIT OG VIÐURKENNING

- 4.1 Tún gerir úttektir á starfsemi umsækjanda samkvæmt gildandi viðmiðum Green Key á hverjum tíma. Umfang úttekta er skilgreint í Töflu 1 í viðauka við þennan samning. Það er á ábyrgð umsækjanda að uppfylla kröfur Green Key út vottunartímann sem skilgreindur er á vottorði.
- 4.2 Umsækjandi veitir Túni aðgang að öllum viðeigandi aðsetrum, aðstöðu, starfsmönnum, kynningarefni, skjölum og gögnum umsækjanda og verktaka umsækjanda, sem Tún telur þurfa til að sannprófa samræmi starfseminnar við viðmið Green Key og ákvæði þessa samnings. Aðgang skal veita hvenær sem Tún telur nauðsynlegt, og með eða án fyrirvara. Túni er heimilt vegna innra eftirlits og þjálfunar að senda áheyrnarfulltrúa Túns eða FEE með í úttekt. Umsækjandi aðstoðar Tún við öflun upplýsinga og aðgengis að þeim ef leita þarf þeirra utan þjónustuvettvangs til þess að unnt sé að ljúka úttekt.
- 4.3 Umsækjandi heldur skrá um kvartanir sem umsækjanda berast um vottaða þjónustuþætti, ásamt upplýsingum um viðbrögð við þeim og úrbætur, og veitir Túni aðgang að þeim gögnum. Að því leyti sem kvartanir varða ósamræmi við viðmið Green Key gerir umsækjandi nauðsynlegar ráðstafanir þar sem úrbóta er þörf til þess að samræmi verði komið á að nýju.
- 4.4 Tún gætir trúnaðar í meðferð upplýsinga um umsækjanda og hótél sem veittar eru í úttekt. Umsækjandi samþykkir að FEE hafi rétt til aðgangs að trúnaðarupplýsingum sem veittar eru í úttektum Túns. Tún varðveitir upplýsingar um nöfn, símanúmer og tölvupóstfang umsækjanda á úttektar- og vottunartíma. Þegar Túni er tilkynnt um breytingu á tengiliðaupplýsingum mun eldri upplýsingum verða eytt. Umsækjandi getur hvenær sem er óskað eftir tengiliðaupplýsingum sem Tún varðveitir um umsækjanda. Tengiliðaupplýsingarnar um umsækjanda eru nýttar til að hafa samband við umsækjanda, veita upplýsingar um umsækjanda (m.a. fréttabréf Green Key International) og til að auglýsa vottun umsækjanda skv. kröfum Green Key. Ef umsækjandi hefur ekki hlotið vottun eða endurvottun í tvö ár mun Tún eyða tengiliðaupplýsingunum. Tún mun ekki nýta tengiliðaupplýsingarnar í öðrum tilgangi en sem greinir frá í þessum samningi. Tún og Green Key International auglýsir eða kynnir vottaða umsækjendur á heimasíðu Tún ([www.tun.is](http://www.tun.is)) og Green Key International ([www.greenkey.global](http://www.greenkey.global)) og/eða á samfélagsmiðlum þeirra. Green Key deilir upplýsingum um vottaða umsækjendur til rafrænna bókunarsíðna, ferðaþjónstuaðila og aðra gagnagrunna fyrir ferðaþjónustu sem Green Key hefur komið á samstarfi við. Tún og Green Key International birta ekki gögn eða viðkvæmar upplýsingar með vísun í umsækjanda án fyrirfram samþykkis umsækjanda.
- 4.5 Umsækjanda er ljóst að vottorð er ekki gefið út nema vottunarnefnd Túns hafi tekið ákvörðun um vottun. Vottorð er eign Túns og er ekki framseljanlegt. Afrit vottorðs sem umsækjandi afhendir öðrum skal jafnan afritað í heild sinni og óskert.
- 4.6 Umsækjandi skal einvörðungu vísa til vottunar í samræmi við umfang hennar og samkvæmt ákvæðum þessa samnings.

- 4.7 Tún hefur eftirlit með vottaðri starfsemi á gildistíma vottunar með fjarúttektum, ótilkynntum vettvangsúttektum og tilkynntum vettvangsúttektum, í þeim tilgangi að sannprófa samræmi þjónustupáttta við viðmið Green Key.
- 4.8 Sækja þarf um vottun skv. Green Key árlega til að vottun haldist í gildi. Úttektir eru bæði fjarúttektir og vettvangsúttektir eða rafrænar fjarúttektir. Úttektir eru ýmist ótilkynntar eða tilkynntar með fyrirvara. Ef aðstæður gefa ástæðu til má gefa umsækjanda 48 klukkustunda fyrirvara á ótilkynnta úttekt. Ef vettvangsúttekt er ótilkynnt skal aðgangur veittur að aðsetrum og gögnum innan 30 mínútna frá komu matsmanns. Skal matsmaður þá óska eftir fylgd hóteltjóra, umhverfisfulltrúa, vaktstjóra eða öðrum hæfum starfsmanni. Aukaúttekt er framkvæmd (1) ef sannprófa þarf úrbætur vegna alvarlegra frávíka sem komu fram í reglubundnum úttektum, (2) ef óskað er vottunar eftir fleiri viðmiðum eða vottun nýrra aðsetra, eða (3) ef gera þarf skyndiúttekt vegna nýrra upplýsinga sem Túni berast varðandi samræmi starfseminnar við viðmið Green Key.
- 4.9 Tún getur breytt umfangi vottunar, gefi niðurstöður úttektar tilefni til þess og/eða hafi umsækjandi sótt um breytingu á umfangi innan ramma viðmiða Green Key.
- 4.10 Tún getur afturkallað tímabundið vottun ef umsækjandi framkvæmir ekki samþykktar úrbætur vegna meiriháttar frávíka innan tilskilins tímafrests. Vottun tekur gildi að nýju hafi umsækjandi framkvæmt samþykktar úrbætur innan tilskilins tímafrests, en að öðrum kosti er umsækjandi sviptur vottun.
- 4.11 Tún getur afturkallað tímabundið eða varanlega vottun af rekstrar- eða framkvæmdalegum ástæðum. Þar á meðal, en ekki tæmandi, er ef umsækjandi stendur ekki við greiðslur reikninga á tilskyldum tíma eða ef óeðlilegur dráttur verður á úttektum af völdum umsækjanda.

## 5. MATSÁETLANIR

- 5.1 Áætlun um úttektir, umfang þeirra, viðmiðunarkröfur, tímasetningar og kostnað, er birt í Tölflum 1 og 2 í viðauka við þennan samning. Úttekt er að jafnaði áætluð innan 14 daga frá undirritun samnings.
- 5.2 Innheimt er við umsókn ár hvert.
- 5.3 Umsækjandi greiðir dráttarvexti á reikninga sem falla í eindaga í samræmi við 6. gr. laga n. 38/2001 um vexti og verðtryggingu. Reikningar falla í eindaga 15 dögum eftir útgáfudag. Umsækjandi greiðir Túni innheimtukostnað vegna innheimtu reikninga sem fallið hafa í eindaga, þ.m.t. en ekki tæmandi: kostnað við innheimtuviðvaranir, milli- og löginneimtukostnað.
- 5.4 Ef umsækjandi segir að hluta eða öllu leyti upp eftirlits- og vottunarþjónustu Túns skv. Green Key, missir vottun sbr. grein 4.10, eða hlítir ekki ákvæðum þessa samnings, skal umsækjandi greiða allan útlagðan kostnað Túns vegna undirbúnings úttekta eða vinnu við yfirstandandi úttektir á viðeigandi starfsemi fram til þess dags að tilkynning er birt um slíka uppsögn, missi vottunar eða brot á samningi.

## 6. SAMNINGSTÍMI OG UPPSAGNARÁKVÆÐI

- 6.1 Samningur þessi kemur í stað fyrri samninga – hafi þeir verið gerðir milli samningsaðila – um sama efni og tekur gildi við undirritun. Samningurinn gildir til loka vottunartímabils sé vottun staðfest af vottunarnefnd Túni en annars fram að tilkynningu Túns til umsækjanda um höfnun vottunar.
- 6.2 Hvor samningsaðili getur sagt upp þessum samningi og þar með vottun með 30 daga fyrirvara án kostnaðar annars en þess sem nefndur er í 5.4. og skal það gert skriflega. Árgjald eða önnur innheimt gjöld eða kostnaður eru ekki endurgreidd.
- 6.3 Þrátt fyrir ákvæði 6.2 getur hvor samningsaðili þó sagt upp þessum samningi tafarlaust og án fyrirvara ef annar hvor samningsaðili (þar með talinn hluthafi eða eigandi félags sem er aðili að samningi þessum) er tekinn til gjaldþrotaskipta, gert er hjá honum árangurslaust fjárnám, hann leitar nauðasamninga, tillaga um slit er samþykkt, skiptastjóri eða umsjónarmaður með nauðasamningum er skipaður yfir starfsemi samningsaðila eða einhvern hluta hennar, ef starfrækslu samningsaðila er hætt, eða ef verulegar vanefndir verða með einhverjum öðrum hætti á skyldum hans gagnvart kröfuhöfum sínum.
- 6.4 Einnig getur Tún sagt upp þessum samningi tafarlaust og án fyrirvara ef umsækjandi hlítir ekki ákvæðum þessa samnings, þ.m.t. greiðsluákvæðum, eða viðmiðum Green Key eða ef vottun er afnumin.

## 7. SKAÐLEYSI, SAMNINGSROF OG TILKYNNINGAR

- 7.1 Umsækjandi samþykkir að tryggja Túni skaðleysi gegn hvers konar missi, tjóni, skaðabótaskyldu, kostnaði eða útgjöldum sem Tún verður fyrir eða Tún er krafð um vegna misnotkunar umsækjanda á vottun sem Tún hefur veitt samkvæmt þessum samningi. Tún er ekki undir neinum kringumstæðum bótaskyld við umsækjanda vegna hverskonar óbeins eða beins tjóns, refsingar eða afleidds tjóns, eða hvers konar krafna sem þriðji aðili kann að gera vegna þjónustu sem veitt er samkvæmt þessum samningi. Hámarks skaðabótaskylda Túns vegna tjóns sem tengist framkvæmd þessa samnings skal ekki vera meiri en sem nemur tvöfaldri upphæð úttektargjalda sem umsækjandi skal greiða samkvæmt þessum samningi.
- 7.2 Tún og umsækjandi bera ekki skaðabótaskyldu vegna þessa samnings ef annar hvor samningsaðili verður, að hluta eða öllu leyti, ófær um að uppfylla allar eða einhverjar skyldur sínar af einhverjum þeim ástæðum sem ætla má að ekki séu í valdi samningsaðila og eiga sér stað eftir undirritun þessa samnings, og ætla má að ekki hafi verið fyrir séð að myndu líklega eiga sér stað.
- 7.3 Verði einhver ákvæði þessa samnings ógild eða óframkvæmanleg vegna einhverra ákvæða í lögum skal afmá þau, en ákvæði þau sem eftir standa skulu áfram vera í fullu gildi.
- 7.4 Tilkynningar milli samningsaðila skulu gerðar skriflega og sendar með pósti á skráð heimilisfang móttakanda eða með tölvupósti á skráð samskiptanetfang móttakanda og skulu þær taldar hafa verið afhentar þegar í stað, en þremur virkum dögum eftir póstlagningu bréfs sé um það að ræða

## 8. VARNARÞING OG GILDANDI LÖG

- 8.1 Samningur þessi skal að öllu leyti lúta íslenskum lögum.
- 8.2 Samningsaðilar samþykkja að mál sem kunna að rísa vegna þessa samnings skuli lögð fyrir Héraðsdóm Reykjavíkur.

**Þessi samningur er rafrænt undirritaður. Rafrænar undirritanir má finna á öftustu síðu þessa samnings.**

**Viðauki við þennan samning:**

Matsáætlun

This contract is signed with an electronic signature equipment that fulfils legal requirements for electronic signatures in Iceland. By signing this contract, the signees also declare that they have the legal right to commit the respective company into this binding agreement. Each party is responsible for saving a copy of the fully signed document for record-keeping.

On behalf of Vottunarstofan Tún ehf.

On behalf of the Client

**Viðauki: Matsáætlun**  
(sjá 5. kafla samnings)

<b>Tafla 1: Umfang úttekta <sup>1</sup></b>	
<b>Heiti hótels og heimilisfang:</b>	Click or tap here to enter text.
<b>Gæðaviðmið Green Key:</b>	Hótel og gistiheimili (með fleiri en 15 herbergi)
<p><sup>1</sup>) Umfang tilgreinir heiti starfsstöðva sem umsækjandi óskar vottunar á og jafnframt nöfn gæðaviðmiða Green Key sem hver starfsstöð skal metin samkvæmt. Gæðaviðmið Green Key eru gefin út af FEE og kunna að breytast á gildistíma þessa samnings, sbr. ákvæði 2. kafla þessa samnings, sjá einnig <a href="http://www.greenkey.global">www.greenkey.global</a>.</p>	

<b>Tafla 2: Áætlun um úttektir, kostnað og greiðslu gjalda fyrir hvert hótel</b> (tölur í íslenskum krónum)		
<b>Úttektar- og vottunarþjónusta:</b>	<b>Tímaáætlun<sup>1</sup></b>	<b>Gjald (ISK) *</b>
<b>1. Árgjaldsliðir</b>	Samkomulag	
Skráningargjald á fyrsta ári		50.000 ISK
Grunngjald		150.000 ISK
Herbergjagjald		850 ISK / Herbergi
Úttektargjald v. vettvangsúttektar <sup>2</sup>		80.000 ISK
<b>2. Aukaúttektir <sup>3</sup></b>	---	Sjá reikninga *
<b>3. Ferðakostnaður <sup>4</sup></b>	---	Sjá reikninga *
<p>*) Reikningar eru gefnir út við innsendingu umsóknar<sup>1</sup> og skulu greiðast innan 15 daga.</p> <p><sup>1</sup>) Tímaáætlun hvers hótels miðast því við lok þess mánaðar sem fyrsta vottun þess er veitt í. Umsóknir um Græna Lykilinn eru árlegar og þarf endurumsókn að berast í seinasta lagi 1. þess mánaðar sem tilgreindur er á vottunarskírteini.</p> <p><sup>2</sup>) Vettvangsúttekt er framkvæmd á fyrsta og öðru ári. Aðeins fjarúttektir eru framkvæmdar á þriðja og fjórða ári en á fimmta ári og þriðja hvert ár frá því er framkvæmd vettvangsúttekt til viðbótar við árlega fjarúttekt. Rofni vottunarsaga hefst ferlið aftur frá fyrsta ári.</p> <p><sup>3</sup>) Innheimt er 20.000 kr/klst fyrir aukaúttekt skv. grein 4.5. Ef um er að ræða vettvangsúttekt eingöngu, þá er aðeins gjaldfært fyrir tvöfaldan þann tíma sem vettvangsheimsókn stendur yfir. Öll gjöld og kostnaðaráætlanir breytast í samræmi við gildandi verðskrá Green Key á Íslandi þegar úttekt er framkvæmd. Virðisaukaskattur 24% leggst á gjöld innheimt fyrir árgjald, úttektir og akstur.</p> <p><sup>4</sup>) Ferðakostnaður er kostnaður matsmanna vegna ferða á vettvang úttekta og til baka, þar með talinn ferðatími á hálfu tímagjaldi aukaúttektar, kostnaður vegna bifreiða og fargjöld í flugi, ferjum eða almenningsvögnum. Sé þörf á gistingu er umsækjanda frjálst að veita matsmanni gistingu án endurgjalds ef kostur er á en annars bætist gistikostnaður við ferðakostnað. Þegar því verður við komið eru úttektir skipulagðar þannig að ferðakostnaður deilist á fleiri en einn umsækjanda og/eða starfsstöð.</p>		